



## Minnisblað til fræðslunefndnefndar Mosfellsbæjar

**Efni:** Minnisblað starfsmanns

**Dags:** 11. nóvember 2022

**Málsnúmer:** 202211093/-

**Málsmeðferð:** Til umfjöllunar

**Starfsmaður:** Linda Udengaard, framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs

### Grunnskólar

Samtökin 78 hafa komið með fræðslu inn í þrjá af grunnskólum Mosfellsbæjar síðastliðinn vetur og í haust. Tveir skólar hafa ekki fengið sérstaka fræðslu frá Samtökunum 78 á umræddu tímabili en eru með til skoðunar að fá inn slíka fræðslu. Innan grunnskólanna er eftirspurn eftir fræðslu um þennan málaflokk sem skólarnir hafa sótt sér að eigin frumkvæði og í samræmi við umræður og verkefni innan skólanna hverju sinni. Fræðsla hefur verið fyrir ákveðna hópa en einnig almenn fræðsla um þennan málaflokk. Sú fræðsla sem farið hefur fram á vegum skólanna síðastliðinn vetur og í haust hefur beinst að starfsmönnum, nemendum og foreldrum.

Ljóst er að eftirspurn er eftir reglubundinni fræðslu um þennan málaflokk. Áhersla grunnskólanna er á fjölbreytta fræðslu sem henti aldri og þroska barnanna, fræðslu sem beint er til starfsmanna og foreldra. Þá er einnig bent á að í einstaka tilvikum þurfi fræðslu um afmarkað efni innan málaflokksins.

### Leikskólar

Í leikskólum Mosfellsbæjar hefur ekki verið sérstök fræðsla né umfjöllun um hinsegin málefni. Leikskólastjórar telja mikilvægt að fá fræðslu fyrir sitt starfsfólk þar sem fjallað er um málefni hinsegin barna og einnig fræðslu fyrir foreldra. Jafnframt telja stjórnendur mikilvægt að leikskólarnir hafi aðgang að fræðsluefni sem gæti hentað innan leikskólans og í vinnu með börnum. Áhersla á málefnið fyrir börn á leikskólaaldri þyrfti helst að snúa að því að hvert barn er einstakt og leyfilegt að vera eins og maður er. Hefðbundin hlutverk kynjanna og fyrirfram mótaðar hugmyndir um kynin s.s klæðnaður, leikföng og þ.h séu ekki fest í sessi.

Það sem sérstaklega er óskað er eftir er:

- Fræðsla fyrir starfsfólk
- Fræðsla fyrir foreldra
- Aðgengi að fræðsluefni fyrir börnin

Framundan er að gera áætlun um markvissa fræðslu um málefnið fyrir leik- og grunnskóla í samvinnu við skólastjórnendur og aðra hagaðila. Leita verður meðal annars til Samtakanna 78 og annarra aðila um fræðslu sem fellur að þeirri áætlun.